

## LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA Fjármál | IS | 580407-1100

B1 | 82 / 100

A1 - A3	<b>B1 - B3</b>	C1 - C2	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt

## EINKUNN

Lánasjóður sveitarfélaga fær 82 stig af 100 stigum mögulegum í UFS áhættumati Reitunar. Endar félagið í flokki B1.

## UFS NIÐURSTÖÐUR

	Vægi	Stig	Einkunn
<b>Umhverfisþáttur</b>	<b>15.0%</b>	<b>80</b>	<b>B1</b>
E.1 Visthagkvæmni	7.5%	76	B2
E.2 Umhverfisstjórnun & yfirsýn	7.5%	85	B1
<b>Félagsþáttur</b>	<b>25.0%</b>	<b>90</b>	<b>A3</b>
S.1 Starfsumhverfi	7.5%	95	A2
S.2 Velferð starfsmanna & viðskiptaánægja	17.5%	88	A3
<b>Stjórnarhættir</b>	<b>60.0%</b>	<b>80</b>	<b>B1</b>
G.1 Stjórnun & aðfangakeðja	9.0%	82	B1
G.2 Starfshættir	21.0%	85	B1
G.3 Vörur og þjónusta	30.0%	75	B2

## STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM


Meginstarfsemi Lánasjóðs sveitarfélaga er að tryggja útlán á hagstæðum kjörum til sveitarfélaga, stofnanna þeirra og fyrirtækja. Útlánastarfsemin er stærsti áhættuþátturinn fyrir starfsemina í þessu UFS áhættumati. Almennir útlán veitt í verkefni sem talin eru vera efnahagslega mikilvæg. Á árinu 2020 birti sjóðurinn grænan lánaramma sem er byggður á viðmiðum ICMA og vottaður af Sustainability. Sjóðurinn gaf út græn skuldabréf í febrúar árið 2020 en hefur áhugi verið slakari en við var búist, sem má rekja til áhrifa Covid-19 faraldursins. Jafnvægi er á kynjahlutföllum í stjórn og hjá starfsmönnum. Almennir stjórnarhættir eru í góðum farvegi en starfa íslensk fjármálafyrirtæki undir stífu regluverki og eftirliti. Stjórnarmeðlimir eru allir tengdir inn í sveitarfélög og mættu því teljast sem háðir. Í tilviki Lánasjóðsins er horft á þessi tengsl sem kost fremur en áhættu, þar sem skilningur ríkir um tilgang starfseminnar og að áhættustýring sé til langs tíma.

Hjá Lánasjóðnum starfa þrjú starfsmenn og er því metið að ekki stafi mikil áhætta af flokk um félagsþætti. Fylgt er þeim stefnum hjá Samband íslenskra sveitarfélaga, sem falla undir flokk um félagsþætti. Áhætta er þó til staðar að þekking sem starfsmenn búi yfir sé ekki nægilega dreifð. Til að lámarka þá áhættu vinnur sjóðurinn með það að markmiði að auðvelt sé að ganga að starfi hvers starfsmanns ef aðstæður krefjast og þannig aukið við þekkingu sín á milli. Ekki eru framkvæmdar vinnustaðagreiningar en metið er að starfsánægja sé góð og bendir hár starfsaldur starfsmanna til þess. Sjóðurinn starfar eftir umhverfisstefnu og hefur sett sér markmið sem það vinnur eftir og kolefnisjafnar ferðir starfsmanna í gegnum Kolvið. Umhverfismál eru í góðum farvegi hjá sjóðnum en umhverfisáhætta frá innri starfsemi er metin sem lág. UFS greining á Lánasjóði sveitarfélaga gefa niðurstöður um að sjóðurinn sé ekki berskjaldaður fyrir jafn mörgum áhættuþáttum og önnur félög á markaði vegna fárra starfsmanna. Jákvætt er að sjóðurinn er að huga að stærri áhættuþáttum og fær hann góða niðurstöður í UFS reitun.


## SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

UFS heildareinkunn Lánasjóð sveitarfélaga er 82 stig, flokkur B1. Er það vel fyrir ofan meðaltal í samanburði við innlenda útgefendur. Meðaltal UFS heildareinkunnar hjá innlendum útgefendum í UFS reitun er nú um 60 stig, flokkur B3. Lánasjóður sveitarfélaga er fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum UFS í samanburði við innlendan markað.

## SAMANBURÐUR



## UFS EINKUNNAR DREIFING



## Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggi fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrít af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neindir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskygni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram.

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.